

30 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Ljósberann, Suðureyri, útgefin á 14. marz venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. marz 1958. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ljósberann, Suðureyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ljósberinn. Nafni hans má þó stjórn sjóðsins breyta, þegar 20 ár eru liðin frá staðfestingu skipulagsskrár, ef fyrir liggur rökstudd tillaga um það frá einhverjum þeim, er styrkir hann með fjárgjöfum. Tilgangi hans verður þó aldrei breytt. Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur —, og er dánargjóf af eftirlátnum fjármunum Kristínar Benediktsdóttur, Suðureyri, d. 1. okt. 1948, og í samræmi við hennar vilja og hugsunarhátt.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hressa og gleðja þá, sem á einhvern hátt fara á mis við gleði og ánægju lífsins, hvort sem það er andlegra eða líkamlegra orsaka vegna, og hvort sem þeir eru efnaðir eða fátækir. Skal leitast við að ná þessum tilgangi með heimsóknum og viðræðum, féggjöfum eða á hvern þann hátt, sem stjórn sjóðsins telur bezt við eiga.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sóknarprestur og kvenfélagið „Ársól“, Súgandafirði. Skal stjórnin varðveita sjóðinn og ávaxta fé hans. Endurskoðun ársreikninga skal falin tveim mönnum, er hreppsnefnd kys.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir og áheit, sem honum berast frá mönnum, sem þessu máli eru hlyntir, fé, sem stjórnin safnar til hans með skemmtisamkomum eða á annan hátt, auk vaxta hans.

Verja má til starfsemi sjóðsins hálfum vöxtum hans árlega, unz stofnfjárhæð hans hefur tífaldast. Má þá auka framlög hans til starfsemi sinnar, þó ekki meira en svo, að sú fjárhæð, sem leggst við höfuðstólinn, nemi minnst hálfu meðaltali vaxta næstliðinna tíu ára.

5. gr.

Starfssvið sjóðsins er Súgandafjörður. Falli byggð þar niður, skulu nánustu afkomendur stofnanda sjóðsins skipa stjórn fyrir sjóðinn, er varðveiti hann og verji heimiluðum hluta vaxtanna til kynningar á firðinum og sögu hans, sumarferðalaga þangað og á þann hátt, sem bezt þykir henta.

6. gr.

Leita skal staðfestingar ráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.